



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1463
komudagur 8.2.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2013.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur) 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 631 – 490. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp um breytingu á fjölmiðlalögum til umsagnar.

MRSÍ hefur einkum beint sjónum sínum að þeim breytingum er snerta ákvæði 26. og 27. gr. laganna, en okkar breytingar á þeim ákvæðum eru lagðar til í 8. og 9. gr. frumvarpsins. Þeim breytingum er einkum ætlað að auka vernd mannréttinda og gera ákvæðin skýrari og skilmerkilegri.

Í 8. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 26. gr. fjölmiðlalaganna með hliðsjón af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Með breytingunum á að auka samspilið á milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis fjölmiðla með því að bæta inn matskenndri heimild til að víkja frá vernd friðhelgi einkalífs. Ekki er sérstaklega fjallað um það í athugasemdum með 8. gr. eða í öðrum athugasemdum hvað felst í „lýðræðishlutverki fjölmiðlaveitu“ eða „upplýsingarétti almennings“. Mætti skýra þessi hugtök betur til að auðveldara hinum almenna borgara að glöggva sig á því hvar mörk friðhelgi einkalífs hans liggja gagnvart tjáningarfrelsi fjölmiðlaveitunnar.

Í 9. gr. eru lagðar til breytingar á 27. gr. laganna sem leggur bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi. Með breytingunni verður ákvæðið þrengt og nær aðeins yfir markvissa hvatningu fjölmiðla til haturs á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu. Telur MRSÍ þessa þrengingu á ákvæðinu takmarka réttarvernd þess umtalsvert.

Með því að takmarka ákvæðið með þessum hætti nær vernd þess ekki yfir tilvik þar sem ein hatursfull grein birtist í prentmiðli eða einstaka þátt í útvarpi eða sjónvarpi. Má segja að hér á landi sé einmitt mesta þörfin á réttarverndinni í þessum tilvikum. Meðal annarra ástæðna er sú að í framkvæmd virðist ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem leggur refsingu við því að ráðast opinberlega á mann eða hóp manna með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar, nokkuð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

óvirkt. Hefur orðalag ákvæðisins verið túlkað þannig að það nái aðeins til lögvarinna einstaklingsbundinna hagsmuna. Þrátt fyrir að brot gegn ákvæðinu sæti ákæru og ekki eigi að þurfa að koma til krafa þess manns sem misgert var við (sbr. 1. tl. 242. gr. hgl.) þá hefur það aðeins einu sinni frá lögfestingu þess árið 1973 verið grundvöllur sakfellingar. Þekkir MRSÍ dæmi þess að lögreglan hafi látið fyrir farast að aðhafast nokkuð, þrátt fyrir ábendingar um árásir á mann eða hóp manna á grundvelli trúarskoðana eða kynþáttar hafi átt sér stað á opinberum vettvangi. Hefur viðbáran verið sú að sá sem kærir brotið hafi ekki lögvarinna hagsmuna að gæta þar sem hann tilheyrir ekki þeim hópi sem sæti árás. Óumdeilt má vera að almannahagsmunir og lýðræðissjónarmið krefjist þess að brugðist sé við tilvikum af þessum toga með viðhlítandi hætti og gengur aðgerðarleysi í berhögg við skuldbindingar Íslands skv. samningi Sp um afnám alls kynþáttamisréttis. Samkvæmt 6. gr. samningsins ber ríkjum að tryggja með atbeina dómstóla og annarra handhafa ríkisvalds að menn verði ekki fyrir aðkasti eða mismunum vegna kynþáttar síns, o.s.frv. Stjórnvöldum ber að tryggja virka vernd og raunhæf úrræði til að sporna gegn slíku misrétti sem felur m.a. í sér að þolendur slíks misréttis eigi rétt á skaðabótum hafi þeir orðið fyrir tjóni.

Því telur MRSÍ að þessi breyting sé ákveðin afturför í réttarvernd og hvetur til þess að þetta verði endurskoðað. Enn fremur leggur skrifstofan til að ákvæði f. liðar 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga verði endurskoðað með tilliti til þess að nú liggja einungis viðurlög við hvatningu til refsiverðrar háttsemi en ekki við hatursáróðri. Telur MRSÍ slíka útvíkkun refsheimildarinnar nauðsynlega svo sporna megi við hatursáróðri.

Loks hvetur MRSÍ til að sett verði löggjöf um samfélagsmiðla (social media) og vefsíður sem falla utan gildissviðs fjölmiðlalaga (heimasíður, blog, Twitter, Facebook o.fl.), en slíkir miðlar eru helsti vettvangur hatursáróðurs. Lítur alþjóðasamfélagið hatursáróður mjög alvarlegum augum, enda hefur umfang hans aukist til muna og verði ekkert að gert er jafnvel hætta á samfélagsrofi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Dæma slíks er ekki langt að leita, nægir þar að vísa til ríkja fyrrum Júgóslavíu og Þýskalands nasismans sé leitað lengra aftur.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur